

GJALDSKRÁ

fyrir hunda- og kattahald í Seyðisfjarðarkaupstað.

1. gr.

Hunda- og kattaeyndur sem búsettir eru innan þéttbýlis sem skilgreint er í samþykktum um hunda- og kattahald í Seyðisfirði, skulu greiða árlega leyfisgjöld, sbr. 12. gr. í samþykkt um kattahald nr. 705/2010 og í samþykkt um hundahald nr. 704/2010.

2. gr.

Af hundum skal innheimta árlegt leyfisgjald, sbr. 12. gr. samþykktar nr. 704/2010, að upphæð kr. 14.574 á hvern hund. Gjald greiðist á gjalddaga 15. apríl en eindagi er 30. apríl ár hvert. Innifalið í leyfisgjaldi er ormahreinsun og trygging auk umsýslugjalda sveitarfélagsins.

Af köttum skal innheimta árlegt leyfisgjald, sbr. 12. gr. samþykktar nr. 705/2010, að upphæð kr. 9.975 á hvern kött. Gjald greiðist á gjalddaga 15. apríl en eindagi er 30. apríl ár hvert. Innifalið í leyfisgjaldi er ormahreinsun og trygging auk umsýslugjalda sveitarfélagsins.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

3. gr.

Eigendur hunda og katta eru ábyrgir fyrir öllum kostnaði sem hlýst af brotum gegn samþykkt um hundahald nr. 704/2010 og samþykkt um kattahald nr. 705/2010 á Seyðisfirði.

4. gr.

Við afskráningu hunds eða kattar ber að endurgreiða árlegt leyfisgjald í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir eru af árinu.

5. gr.

Handsömunargjald, skv. 12. gr. samþykktar nr. 704/2010 um hundahald á Seyðisfirði er kr. 16.800.

Þurfi að vista hund yfir nótt skal að auki greiða vörslugjald kr. 5.395 fyrir hvern dag umfram fyrsta sólarhringinn. Ef til aflifunar hunds kemur, skal eigandi dýrs að auki greiða útlagðan aflifunarkostnað.

6. gr.

Ekki er innheimt eftirlitsgjald af hundum sem að læknisráði eru notaðir til aðstoðar blindu fólki og fötluðu.

7. gr.

Ofangreind gjaldskrá er sett með vísun til heimilda í samþykkt um hundahald nr. 704/2010 og samþykkt um kattahald nr. 705/2010 og skv. 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Gjaldskráin öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi eldri gjaldskrár um hundahald nr. 804/2013 og kattahald nr. 805/2013.

Seyðisfirði, 3. apríl 2014.

Vilhjálmur Jónsson bæjarstjóri.